

Nd.

## 207. Frumvarp til laga

[153. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

### 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð  $2\frac{1}{2}\%$  af greidd-  
vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á is-  
lenskum fiskiskípum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað  
er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða og tekjum af landbúnaði, svo sem  
ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóð ríkisins sem stofn-  
fjárframlag og  $1\frac{1}{2}\%$  rennur í ríkissjóð.

### 2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af inn-  
heimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd  
laganna.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og gilda til loka þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og  
atvinnuöryggis, var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, er næmi  $1\frac{1}{2}\%$ , á tíma-  
bilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971, sbr. 2. gr. téðra laga. Með bráðabirgða-  
lögum nr. 77 21. júlí 1971 var framangreint tímabil, sem innheimta skyldi launa-  
skatt þennan, framlengt til 31. desember 1971. Með lögum nr. 96 27. desember 1971  
um breyting á lögum um almannatryggingar, var ákveðið, að skattur þessi skyldi  
innheimtur á árinu 1972, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. lið. Með lögum nr. 104  
31. desember 1972, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt var  
ákveðið að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1973. Með lögum nr. 63 30. apríl  
1973 var gerð breyting á 1. mgr. 1. gr. laga 14 15. mars 1965, um launaskatt sbr.  
1. gr. laga 104 31. desember 1972, og fólst í þeirri breytingu, að launaskatt fyrir  
árið 1973 skyldi ekki greiða af tekjum sjómanna á fiskiskípum þar með töldum  
tekjum hlutaráðinna landmanna. Með frumvarpi þessu er lagt til, að sami háttur  
verði hafður á um innheimtu launaskatts árið 1974 og var árið 1973 þannig, að  
skatturinn verði  $2\frac{1}{2}\%$  og renni 1% til Byggingarsjóðs en  $1\frac{1}{2}\%$  til ríkissjóðs. Þá  
er lagt til, að launaskattur verði ekki greiddur af tekjum sjómanna á íslenskum  
fiskiskípum þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna og er þetta í samræmi  
við 1. gr. laga nr. 63 30. apríl 1973.

2. gr. frumvarpsins er samhljóða 2. gr. l. nr. 104 31. desember 1972 og felur í sér,  
að hlutur Byggingarsjóðs í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði  
 óbreyttur frá því sem verið hefur.

Fyrirhuguð er breyting á gjöldum þeim, er launagreiðendum hefur verið gert  
að greiða ríkissjóði og Tryggingastofnun vegna starfsmanna sinna. Er ætlunin að  
sameina hin ýmsu gjöld í einn skatt. Af þessari ástæðu þykir rétt, að gildistími  
frumvarpsins verði aðeins eitt ár.